

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Fróði Steingrímsson hdl.
Borgartúni 25
105 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 27.04.2009
Tilv. 2009/0573 - 2.0.02
MS

Efni: Ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2009

Hér með tilkynnist yður að Neytendastofa hefur, þann 27. apríl 2009, tekið meðfylgjandi ákvörðun nr. 8/2009, *Ákvörðun um stjórnvaldssektir vegna vanrækslu Og fjarskipta ehf. á að fara að ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.*

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu

Þórunn Anna Árnadóttir
Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2009

**Ákvörðun um stjórnvaldssektir vegna vanrækslu Og fjarskipta ehf.
á að fara að ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.**

I.

Málavextir

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. janúar 2009, tók stofnunin þá ákvörðun að Vodafone, sem rekið er af Og fjarskiptum ehf., hafi með notkun orðsins *frikeypis* við kynningu á áskriftarleiðinni Vodafone Gull brotið gegn ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005 þar sem ávallt þurfi að greiða mánaðargjald fyrir þjónustuna. Vísaði stofnunin annars vegar til álits Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og til þess að rök Vodafone fyrir því að orðið hefði merkinguna kaupauki fengi ekki staðist.

Í bréfi Neytendastofu til Vodafone, dags. 30. janúar 2009, segir m.a.:

„Með vísan til framangreinds er merking orðsins frikeypis hin sama og bönnuð er skv. 20. gr. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29/EB. Notkun Vodafone á orðinu frikeypis fyrir þjónustu sem viðskiptavinir félagsins þurfa að greiða fyrir með annarri þjónustu felur því í sér brot á ákvæðum 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Vodafone notkun orðsins frikeypis fyrir þjónustu sem háð er greiðslu fyrir aðra þjónustu. Bannið tekur gildi einni viku frá móttöku ákvörðunar þessarar.“

Með bréfi Vodafone, dags. 20. febrúar 2009, sem barst Neytendastofu með tölvupósti dags. 4. mars 2009, óskaði fyrirtækið þess að fá tækifæri til að afmá orðið frikeypis úr auglýsingaefni fyrirtækisins. Í bréfinu kom fram að orðið yrði þá þegar fjarlæggt af vefsíðu Vodafone en óskað var eftir því að fyrirtækið gæti takmarkað fjárhagslegt tjón sitt og fengi því að nota þá bæklinga sem þegar höfðu verið prentaðir og innihéldu orðið. Áætlað væri að fyrirtækið gæti á einum til tveimur mánuðum fjarlæggt orðið að fullu úr auglýsingaefni fyrirtækisins.



Með tölvupósti Neytendastofu, dags. 9. mars 2009, var fallist á beiðni Vodafone.

Með bréfi Símans hf. til Neytendastofu, dags. 20. mars 2009, var stofnunin upplýst um að Vodafone hafi, þann 18. mars 2009, sent starfsmönnum fyrirtækisins HugarAx ehf. auglýsingu þar sem notað væri orðið *frikeypis*.

Þá fékk stofnunin ábendingu um að við skrifstofur Vodafone við Skútuvog í Reykjavík, væri auglýsingaskilti þar sem orðið væri notað. Við skoðun starfsmanns Neytendastofu, þann 24. mars 2009, kom í ljós að ábendingin átti við rök að styðjast.

2.

Með boðsendu bréfi Neytendastofu, dags. 25. mars 2009, var Vodafone gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við framangreindar athugasemdir áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Svar barst með tölvupósti, dags. 25. mars 2009, þar sem fram kom Vodafone liti svo á að auglýsingaskilti við skrifstofu fyrirtækisins væri prentað efni en skv. tölvupósti Neytendastofu, dags. 9. mars 2009, hefði fyrirtækið frest í einn til tvo mánuði til að fjarlægja orðið úr prentuðu auglýsingaefni.

Varðandi auglýsingu sem send var HugiAx hafi verið um mistök af hálfu Vodafone að ræða. Bréfið hafi verið hannað 11. mars 2009 en sent þann 18. dag sama mánaðar. Ítrekað hafi verið við alla starfsmenn að notkun á orðinu *frikeypis* væri bönnuð.

II.

Niðurstaða

1.

Með ákvörðun Neytendastofu, frá 30. janúar 2009, var Vodafone bönnuð notkun orðsins *frikeypis* fyrir þjónustu sem háð er greiðslu fyrir aðra þjónustu.

Auglýsing sú sem Vodafone sendi starfsmönnum HugarAx var hönnuð þann 11. mars 2009, eftir samskipti Vodafone og Neytendastofu um aðgerðir fyrirtækisins til að afmá orðið *frikeypis* úr auglýsingaefni fyrirtækisins í kjölfar ákvörðunar stofnunarinnar. Í bréfi Vodafone, dags. 20. febrúar 2009, sem barst Neytendastofu með tölvupósti dags. 4. mars 2009, kemur fram að orðið verði þegar fjarlægt að vefsíðu fyrirtækisins. Að mati Neytendastofu verður að gera þá kröfu til Vodafone að orðið sé fjarlægt úr öllu tölvutæku efni fyrirtækisins samhliða vefsíðu þess enda



hefur það ekki í för með sér fjárhagsleg útlát eins og við t.d. innköllun bæklinga eða nýja prentun.

Fyrirtæki bera ábyrgð á öllu því efni sem frá þeim kemur og getur Vodafone ekki vikið sér undan ábyrgð með því að vísa til þess að um mistök hafi verið að ræða.

2.

Í bréfi Vodafone, dags. 20. febrúar 2009, sem barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 4. mars 2009, segir m.a.:

„Á vefsíðu fyrirtækisins kemur orðið víða fyrir og er fljótgert að laga það. Hins vegar er orðið einnig notað í bæklingum og öðru prentuðu efni. Það er einlæg ósk Vodafone að slíkir bæklingar verði lagaðir við næstu endurprentun en að fyrirtækið þurfi ekki að henda öllum [sic] því markaðsefni sem orðið kemur fyrir í.“

Neytendastofa féllst á beiðni Vodafone um að fá eins til tveggja mánaða frest til að afmá orðið úr prentuðu auglýsingaefni fyrirtækisins. Stofnunin getur hins vegar ekki fallist á það að auglýsingaskilti fyrir utan skrifstofu fyrirtækisins teljist til prentaðs efnis. Í bréfi Vodafone var gerð grein fyrir því að fyrirtækið vildi reyna að takmarka það fjárhagslega tjón sem það óhjákvæmilega yrði fyrir við útgáfu nýrra bæklinga. Neytendastofa fær ekki séð að það valdi Vodafone fjárhagslegum skaða að fjarlægja auglýsingaskiltið og hefur Vodafone ekki sýnt fram á slíkt tjón.

Að mati Neytendastofu fellur auglýsingaskiltið því ekki undir undanþágu þá sem fram kemur í tölvupósti stofnunarinnar frá 9. mars 2009.

3.

Í IX. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um viðurlög við brotum á ákvæðum laganna, sem og viðurlög við brotum á ákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 57/2005.

Ákvæði b. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b., [...]“



Að mati Neytendastofu er mikilvægt að þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila sé beitt til að tryggja eðlilega viðskiptahætti. Í máli þessu hefur verið sýnt fram á brot Vodafone á ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.

Í ákvæðum laga nr. 57/2005 er ekki um það fjallað hvað beri að leggja til grundvallar við ákvörðun um fjárhæð sekta. Í máli þessu þykir Neytendastofu rétt að líta til þess að skv. upplýsingum á vefsíðu HugarAx starfa 120 starfsmenn hjá fyrirtækinu og því má gera ráð fyrir að margir hafi fengið auglýsingu Vodafone þar sem notað var orðið *frikeypis*. Frá dagsetningu ákvörðunar Neytendastofu þar til stofnunin og Vodafone urðu ásátt um aðgerðir til að koma í veg fyrir notkun orðsins liðu fimm vikur og frá sáttinni þar til mál þetta var tekið upp liðu rúmar tvær vikur. Var það að mati Neytendastofu meira en nægur tími fyrir Vodafone til að koma skilaboðum til starfsmanna um bann við notkun orðsins sem og að fjarlægja öll auglýsingaskilti.

Með vísáð til alls framangreinds þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Vodafone 200.000 kr. (tvöhundraðþúsundkrónur) í stjórnvaldssekt fyrir brot á ákvörðun stofnunarinnar frá 30. janúar 2009. Sektin greiðist í ríkissjóð.

III.

Ákvörðunarorð:

„Og fjarskipti ehf., Skútuvogi 2, Reykjavík, rekstraraðili Vodafone hefur með notkun orðsins *frikeypis* í auglýsingarefni til fyrirtækja og á auglýsingaskilti brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 30. janúar 2009.

Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa á Og fjarskipti ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvöhundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 27. apríl 2009

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir